



Formannafundur AKÍS

9. nóvember 2024

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn laugardaginn 9. nóvember 2024 kl. 10:06 í félagsheimili Bílklúbbs Akureyrar á Akureyri.

1. Fundur settur

Jón Þór Jónsson (JPJ), formaður AKÍS, bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn kl. 10:06. Stakk hann upp á því að hann annist fundarstjórn sjálfur og lagði til að Baldvini Hanssyni (BH) yrði falið að rita fundinn. Var það samþykkt samhljóða. JPJ lýsti því yfir að til fundarins hafi verið boðað með löglegum hætti í tveimur tölvupóstsendingum. Engin andmæli bærust við því.

2. Skýrsla stjórnar

JPJ flutti skýrslu stjórnar:

Árið 2024 hefur verið líflegt á vettvangi íslensks akstursíþróttafólks. **63** akstursíþróttakeppnir voru á keppnisdagatali AKÍS í ár auk sýninga og annara viðburða. Er þetta nokkuð í takt við það sem að hefur verið undanfarin ár en á síðasta ári voru keppnirnar **62**.

Gefin voru út **1240** keppnisskírteini á nýfirstöðnu tímabili en að auki voru gefin út **30** alþjóðleg keppnisskírteini fyrir keppendur í **10** keppnisgreinum.

Keppnishald hér heima.

Óhætt er að segja að flestar greinar akstursíþróttta þrífist vel og keppendafjöldi í þeim mörgum er að aukast.

Íslandsmótið í torfæru var spennandi í ár og réðust úrslit mótsins ekki fyrr en í loka keppni sumarsins. Keppendafjöldi hefur verið með allra besta móti og metnaður keppnisiðna mikill sem að skilar sér í líflegu og spennandi móti. Þessi mikli fjöldi keppenda bjó til nýjar áskoranir fyrir keppnishaldara en það að keyra 30 keppnistæki í gegnum heila keppni getur tekið langan tíma þó að allt gangi nokkuð snurðulaust fyrir sig.

Óhætt er að segja að reglur torfærunnar hafi verið til umræðu á keppnistímabilinu. Keppnisráð torfæru hefur fundað sérstaklega til þess að ræða mögulegar reglubreytingar og vonandi skilar það okkur skýrara regluverki, íþróttinni til framdráttar.

Tímabilið í spyrnugreinum var líflegt að vanda og keppendur fjölmargir. Sérstaklega hefur verið gaman að fylgjast með góðri samvinnu þeirra tveggja klúbba sem að halda spyrnukeppnir, BA og KK.

Keppni í rallycross var á hendi tveggja félaga, BA og AÍH. Fjöldi keppenda er vel ásættanlegur og sérstaklega ánægjulegt er að fjöldi ungmenna hefur verið mikill. Ljóst er þó að ekkert má slá af í ungliðun í sportinu til þess að viðhalda nýliðun og mun stjórn reyna að leggja lóð á vogarskálarnar. Segja má að keppnisbraut BA sé enn í uppbyggingu en tilkoma brautar á norðurlandi mun styrkja Rallycross á landsvísu og auka fjölbreytni til lengri tíma lítið.

Þrátt fyrir að keppnishald í ralli hafi mátt þola gagnrýni á tímabilinu þá var fjöldi keppenda með besta móti en þeir voru um 20 áhafnir skráðar til keppni. Nýr flokkur, einsdrifs 1000 flokkur var ekinn í fyrsta skipti og í fyrsta skipti í sögunni tók ökumaður í æfingaakstri þátt ásamt leiðbeinanda. Einnig var ánægjulegt að í fyrsta skipti í sögunni verður krýndur kvenkyns Íslandsmeistari ökumanna í ralli en sú Íslandsmeistara áhöfn er einmitt 100% kvenkyns sem að einnig er nýtt.

Keppnir í hringakstri voru 3 á tímabilinu en keppendur voru 5 talsins eða jafn margir og Íslendingar er kepptu erlendis í hinum ýmsu greinum brautar kappaksturs. Þessi hlutfallslega mikla þátttaka erlendis er eftirtektarverð og virkar vonandi sem hvatning til keppnisráðs og keppnishaldara að reyna að fjölga keppendum hér heima.

Auk þeirra 5 hefðbundnu rallkeppna sem að voru á keppnisdagatalinu þá var jepparallið einnig haldið en keppnin er að skapa sér fastan sess á keppnistímabilinu. Jepparallið er alþjóðlegt og er hlutfall erlendra keppenda hæst þar af öllum keppnum tímabilsins. Erlend keppnislið áttu vart orð til að lýsa náttúruferðum, íslenskum rally leiðum og ekki síst hraða innlendra rallara. Ásókn erlendis frá virðist vera nokkuð stöðug og eflaust er þetta eitthvað sem að hægt er að byggja enn fremur á.

Ekki hefur verið keppt í gokart undanfarin ár og þær keppnir ársins sem að rötuðu inn á dagatal féllu niður vegna ónógrar þátttöku. Gokart er heppileg íþrótt fyrir unga iðkendur til að feta sín fyrstu spor í akstursíþróttum. Áhugavert væri að skoða hvort að grundvöllur sé til að koma á laggirnar einhverju hliðstæðu sporti á laggirnar þar sem að börn og unglingar geta tekið þátt og hefur crosskart verið nefnt í því sambandi. FIA hefur unnið að áhugaverðu verkefni því tengdu og mun það skoðað hvort að þær hugmyndir geti nýst hérlendis.

Keppni Íslendinga erlendis.

Ungur norsk/íslenskur piltur, Vernharður Ravnaas hefur vakið athygli fyrir frammistöðu sína í keppni í gokart í Evrópu. Vernharður er á þrettánda ári og keppir hann undir merkjum AKÍS með íslenskt keppnisskírteini. Það hefur verið gaman að fylgjast með framgöngu hans á árinu en mikill metnaður fjölskyldu og keppnisliðs getur komið honum langt í framtíðinni. Stefnan er sett hátt og vonandi nást þau markmið sem sett hafa verið.

Á vormánuðum fór Norðurlandamótið í hermiakstri fram í Stokkhólmi. Fimm íslenskir keppendur tryggðu sér þáttökurétt á leikunum og voru tveir þeirra einungis 12 ára gamlir.

Íslenskir keppendur gerðu það gott við keppni erlendis og það í fjölmörgum greinum. Rallyáhafnir hafa verið iðnar við keppni í Bretlandi og virkilega gaman að sjá yngri áhafnir afla sér reynslu í breskum rally keppnum þar sem að fjöldi skráðra áhafna eru yfirleitt fleiri en 100 talsins.

Einnig áttum við keppendur á brautar keppnum erlendis og þar má nefna að íslenskur keppandi, Auðunn Guðmundsson sigraði Le Mans Cup keppni ásamt keppnisliði sínu núna í október.

Nú í lok október fóru fram FIA Motorsport Games og átti Ísland tvo þátttakendur er kepptu í hermiakstri. Báðir komust íslensku keppendurnir í undanúrslit í sínum flokkum. Leikarnir hafa vaxið mjög þar sem að 646 keppendur frá 82 þjóðum öttu nú kappi í 26 keppnisgreinum.

Starfsemi AKÍS

Breytingar urðu á starfsmannahaldi sambandsins á árinu þegar að Helga Katrín Stefánsdóttir var ráðin á skrifstofu sambandsins. Um hlutastarf var að ræða en stjórn stefnir að því að auka við það hlutfall og hefur meirihluti stjórnar nýlega ályktað að það sé mat stjórnar að þörf sé á því að um fullt stöðugildi sé að ræða. Er nú stefnt að því að svo verði á árinu 2025. Fjölmörg verkefni eru á hendi starfsmanns við daglegan rekstur sambandsins og því hafa ákveðin verkefni þurft að bíða. Er það von stjórnar að með starfsmann í fullu starfi náum við betur utan um þessi verkefni.

Stjórn AKÍS hyggur að breytingum í námskeiðahaldi á vegum sambandsins. Á árinu sem að er að líða hefur fyrirkomulag verið með þeim hætti að gefið var út fræðsluefni á myndband formi og síðan voru haldnar staðarlotur þar sem að farið var í gegnum ítarlegar í gegnum námsefnið. Þetta gafst að mörgu leiti ágætlega en erfiðlega reynist að finna tíma sem að hentar flestum til þess að ljúka þeim hluta er krefst viðveru. Af þessari ástæðu vill stjórn skoða möguleika á því að hafa þessi námskeið eingöngu á netinu. Myndbands efnið yrði með sama sniði og síðan væru verkefni og eða spurningar sem að viðkomandi gæti klárað hvar sem er og hvenær sem er. Vonir standa til þess að þetta gætið aukið þekkingu og fagmennsku meðal þeirra sem að taka að sér verkefni tengd keppnishaldi og auðveldara væri að afla sér þessarar þekkingar. **Hugmyndir þessar verða kynntar á formannafundi og unnið með þær áfram og stefnt að því að opna á námskeið fljótlega eftir áramótin.**

Vinnu innan ÍSÍ sem miðar að því að auka fjárframlög ríkisins til íþróttamála hefur verið fram haldið og hefur sú vinna verið leidd af Vésteini Hafsteinssyni. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta verkefni og merki um að hún væri loks að skila sér í auknum framlögum. Nú þegar boðað hefur verið til alþingiskosninga seinna í mánuðinum óttast forysta íþróttahreyfingarinnar að skorðið verði niður við málaflokkinn frekar en bætt í. Varð svo úr að flest sérsambönd innan ÍSÍ sendu inn umsögn um fjárlög og var AKÍS þeirra á meðal.

AKÍS hefur sótt í Afrekssjóð ÍSÍ fjármuni og með uppbyggingu frekara afreksstarfs þá verður aukin þörf á framlögum úr sjóðnum. Á yfirstandandi starfsári var opnað á umsóknir aðildarfélaga um styrkumsóknir til AKÍS til meðal annars barna og unglíngastarfs. Skoða þarf í þessu samhengi hvort að heppilegra sé í stað slíkra styrkja að beina fjármagni frekar í skipulagt afreksstarf þannig að sækja megi frekari mótframlög úr afrekssjóði.

AKÍS stendur til boða að nýta okkur rannsóknastofu námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands sem að starfrækt er í Laugardalnum. Þar geta afreksíþróttamenn komið og gerðar eru mælingar á líkamlegri getu þeirra og árangur þjálfunar mældur.

Eins og áður er getið auglýsti AKÍS eftir styrkumsóknum aðildarfélaga en samkvæmt fjárhagsáætlun var stefnt að því að styrkja barna og unglíngastarf sérstaklega ásamt styrkjum til almennrar uppbyggingar og kaupa á tækjum eða búnaði. Undirtektir voru ágætar og voru samþykktir styrkir til barna og unglíngastarfs upp á kr. 1.194.000 og kr. 3.015.000 til uppbyggingar, tækja og búnaðarkaupa.

Umræða varð um námskeiðahald og JÞJ var til svara.

3. Skýrslur ráða og nefnda

Keppnisráð í drifti - Enginn fulltrúi ráðsins mætti á fundinn en skýrsla liggur fyrir [\[tengill\]](#).

Keppnisráð í hringakstri og gokart - Enginn fulltrúi ráðsins mætti og skýrsla hefur ekki borist.

Keppnisráð í rally - Baldur Haraldsson fjallaði um skýrsluna fyrir hönd ráðsins [\[tengill\]](#).

Keppnisráð í rallycrossi - Baldur Pálsson fjallaði um skýrsluna fyrir hönd ráðsins [\[tengill\]](#).

Keppnisráð í spyrnu - Einar Gunnlaugsson fjallaði um skýrslu ráðsins [\[tengill\]](#).

Keppnisráð í torfæru - SIS flutti skýrslu ráðsins [\[tengill\]](#).

Öryggisráð - Engin skýrsla barst frá ráðinu og enginn fulltrúi þess var mættur á fundinn.

Almennar umræður spunnust um innihald skýrslna þar sem farið var um víðan völl varðandi keppnishald, mönnun, kynningu akstursíþróttta gagnvart almenningi, barnastarf og fleira.

4. Keppnisdagatal 2025

Fyrir liggur uppkast að dagatali með óskum frá keppnishöldurum. Uppkastið fékk umfjöllun og að henni lokinni liggur nýtt keppnisdagatal fyrir:

Dags	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
03/05/2025	Torfæra	Íslandsmót		AÍNH	Hella
24/05/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/4 og 1/8 - allir flokkar	KK	Hafnarfjörður
24/05/2025	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
30/05/2025	Drift	Íslandsmót	Æfing og skoðun	AÍH	Hafnarfjörður
31/05/2025	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
31/05/2025	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
31/05/2025	Torfæra	Íslandsmót	Bikarmót	TK	Suðurland
31/05/2025	Spyrna	Íslandsmót	Jenssen spyrna 1/8 - allir flokkar	BA	Akureyri
06/06/2025	Nákvæmnis- og sparakstur	Íslandsmót	FIA Eco Rally Cup	KK	Suðurland
07/06/2025	Nákvæmnis- og sparakstur	Íslandsmót	FIA Eco Rally Cup	KK	Suðurland
13/06/2025	Sandspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
14/06/2025	Götuspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
15/06/2025	Rallycross	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
16/06/2025	Drift	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
17/06/2025	Annað	Annað	Bíladagar Bílasýning	BA	Akureyri
20/06/2025	Rally	Íslandsmót		BÍKR	Ótilgreint
21/06/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/4 og 1/8 - allir flokkar	KK	Hafnarfjörður
21/06/2025	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
28/06/2025	Torfæra	Íslandsmót		Start	Egilsstaðir
29/06/2025	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
05/07/2025	Spyrna	Bikarmót	King of the Street/Outlaw King	KK	Hafnarfjörður
06/07/2025	Annað	Annað	KK - 50 ára afmælishátíð	KK	Hafnarfjörður
12/07/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/8 - allir flokkar	BA	Akureyri
13/07/2025	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
19/07/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/4 og 1/8 - allir flokkar	KK	Hafnarfjörður
19/07/2025	Rallycross	Íslandsmót		BA	Akureyri
19/07/2025	Torfæra	Íslandsmót		TK	Blönduós
25/07/2025	Rally	Íslandsmót		BS	Skagafjörður
26/07/2025	Rally	Íslandsmót		BS	Skagafjörður
02/08/2025	Traktorstorfæra	Bikarmót		AÍNH	Flúðir
02/08/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/8 - allir flokkar	BA	Akureyri
03/08/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/8 - allir flokkar	BA	Akureyri
07/08/2025	Jepparally	Bikarmót	Iceland Hill rally	KK	Suðurland
08/08/2025	Jepparally	Bikarmót	Iceland Hill rally	KK	Suðurland
09/08/2025	Jepparally	Bikarmót	Iceland Hill rally	KK	Suðurland
10/08/2025	Jepparally	Bikarmót	Iceland Hill rally	KK	Suðurland

Dags	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
03/05/2025	Torfæra	Íslandsmót		AÍNH	Hella
24/05/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/4 og 1/8 - allir flokkar	KK	Hafnarfjörður
24/05/2025	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
30/05/2025	Drift	Íslandsmót	Æfing og skoðun	AÍH	Hafnarfjörður
31/05/2025	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
31/05/2025	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
31/05/2025	Torfæra	Íslandsmót	Bikarmót	TK	Suðurland
31/05/2025	Spyrna	Íslandsmót	Jenssen spyrna 1/8 - allir flokkar	BA	Akureyri
06/06/2025	Nákvæmnis- og sparakstur	Íslandsmót	FIA Eco Rally Cup	KK	Suðurland
07/06/2025	Nákvæmnis- og sparakstur	Íslandsmót	FIA Eco Rally Cup	KK	Suðurland
13/06/2025	Sandspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
08/08/2025	Drift	Íslandsmót	Æfing og skoðun	AÍH	Hafnarfjörður
09/08/2025	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
14/08/2025	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík vægi: 1,5	BÍKR	Ótilgreint
15/08/2025	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík vægi: 1,5	BÍKR	Ótilgreint
16/08/2025	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík vægi: 1,5	BÍKR	Ótilgreint
16/08/2025	Torfæra	Íslandsmót	Motul torfæran	BA	Akureyri
23/08/2025	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
23/08/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/4 og 1/8 - allir flokkar	KK	Hafnarfjörður
24/08/2025	Kappakstur	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
30/08/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/8 - allir flokkar	BA	Akureyri
30/08/2025	Torfæra	Bikarmót		TK	Suðurland
31/08/2025	Þolakstur	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
06/09/2025	Spyrna	Íslandsmót	1/4 og 1/8 - allir flokkar	KK	Hafnarfjörður
13/09/2025	Sandspyrna	Íslandsmót	Tvær keppnir	BA	Akureyri
13/09/2025	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
14/09/2025	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
04/10/2025	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes

Umsóknir um keppnir frá AÍFS bárust að loknum umsóknarfresti en það var samröma ákvörðun fundarins að þær umsóknir yrðu teknar fullgildar og fengu þær umfjöllun til samræmis við aðrar.

Umræða spannst um árekstur keppnisdaga á milli keppnisgreina. Ýmsar lausnir og útfærslur ræddar.

Dagatalið var samþykkt án breytinga að lokinni umræðu.

[kl. 11:12 var gert stutt kaffihlé til kl. 11:34]

5. Umræður um afreksstefnu AKÍS

JPJ flutti framsögu um afreksstefnuna. Lýst var tækifærum til vaxtar með auknu starfi og möguleikum á auknu fjármagni úr tengdum sjóðum á þeim forsendum. Rætt var um mismunandi gerðir keppnistækja sem henta til að byggja undir afreksstarfið.

[kl. 11:56 var gert matarhlé til kl. 12:05]

6. Námskrá og námskeiðahald

BH fór yfir hugmyndir stjórnar um breytt fyrirkomulag námskeiðahalds fyrir komandi keppnistímabil. Stefnt er að rafrænum námskeiðum og nýju námskeiði fyrir keppendur.

7. Torfæra 60 ára

Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS) flutti erindi.

8. Samfélagsmiðlar keppnisliða

JPJ ræddi framkomu og framsetningu þátttakenda í akstursíþróttum á efni á samfélagsmiðlum.

9. Önnur mál

Mál 1 - SIS leggur til að AKÍS auki samskipiti við keppnishaldara og jafnvel haldi fund þvert á keppnishaldara til að ræða sjálfboðaliðastarf sérstaklega. Með því verði leitað lausna til að leysa fyrirsjáanlegt vandamál með mönnun á komandi tímabili.

Vel var tekið í málið. Í þessari umræðu kom fram tillaga fundarmanns um að keppnishaldarar bjóði sjálfboðaliðum á lokahóf AKÍS til að verðlauna þátttöku þeirra í akstursíþróttasamfélaginu. Í kjölfarið var rætt stuttlega um fyrirkomulag lokahófsins og hugsanlegar úrbætur.

Í tengslum við mönnunarvanda var umræða um keppnisgjöld.

Mál 2 - Ingólfur Arnarson ræðir kostnað við erlend keppnisskírteini og gildistíma þeirra. Umræða spannst um forsendur gjaldsins fyrir keppnisskírteinið. Tillögur komu fram um að AKÍS leitist frekar við að létta undir með þeim sem vilja keppa erlendis heldur en að reisa múra eins og upplifun þeirra er í dag. Fundurinn skorar á stjórn AKÍS að endurskoða kostnað og gildistíma í tengslum við erlend keppnisskírteini.

Mál 3 - Formaður Torfæruklúbbsins beinir þeim tilmælum til AKÍS að stofnað verði sérstakt keppnisráð fyrir traktorstorfæru og hún heyri ekki lengur undir keppnisráð í torfæru.

JPJ, HKS og BH fá heimild til að ganga frá fundargerð í samráði við fundarmenn og birta innan 7 daga.

Fundi slitið kl. 13:10.

Viðauki A: Mæting

Jón Þór Jónsson - AKÍS

Helga Katrín Stefánsdóttir - Starfsmaður AKÍS

Hanna Rún Ragnarsdóttir - AKÍS

Páll Skjöldal Jónsson - AKÍS - TK

Sigurður Ingi Sigurðsson - AKÍS - Torfæruráð
Halldór V Hauksson - AKÍS - Spyrnuráð
Baldur Haraldsson- AKÍS - Rallýráð
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir - AKÍS - Start
Baldvin Hansson - AKÍS
Linda Dögg Jóhannsdóttir - AÍH
Kári Rafn Þorbergsson - Hekla
Einar Gunnlaugsson - BA
Ingólfur Arnarson - KK
Valdimar Jón Sveinsson - BÍKR